

Velferðarráðuneytið
Berist til félags- og jafnréttismálaráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík



Reykjavík 11. apríl 2017

Ágæti félags- og jafnréttismálaráðherra, Þorsteinn Víglundsson.

Velferðarvaktin hefur að undanfögnu fjallað um málefni flóttamanna í kjölfar verulegrar aukningar umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi. Frjáls félagasamtök verða óhjákvæmilega vör við þessa stöðu en stór hópur þeirra sem leita til hjálparsamtaka eru flóttamenn og innflytjendur sem eiga í mörgum tilvikum erfitt með að fóta sig í nýju samfélagi.

Fulltrúar í Velferðarvaktinni eru einhuga um að með góðum og fjölbreyttum verkefnum er lúta að þátttöku einstaklinga í íslensku samfélagi og myndun félagslegra tengsla, muni þessir einstaklingar eiga auðveldara með að gerast virkari samfélagsþegnar.

Velferðarvaktin leggur af því tilefni fram eftirfarandi tillögu til stjórnvalda:

Að stjórnvöld styðji betur við rannsóknir og þróunarverkefni sem snúa að flóttamönnum með því að verkefnasvið *Þróunarsjóðs innflytjendamála* verði útvíkkað og nái einnig til málefna flóttamanna. Nýtt nafn sjóðsins gæti þar af leiðandi orðið *Þróunarsjóður innflytjenda- og flóttamannamála*. Reglur sjóðsins verði endurskoðaðar í samræmi við útvíkkun á hlutverki sjóðsins. Samhliða auknu hlutverki sjóðsins verði stofnframlag hans tvöfaldað úr 10 milljónum króna í a.m.k. 20 milljónir króna.

Kraftur frjálsra félagasamtaka er mikill og mikilvægt að hann sé nýttur í meira mæli við að efla virkni innflytjenda og flóttamanna. Tillagan um eflingu ofangreinds sjóðs væri liður í þeirri viðleitni.

F.h. Velferðarvaktarinnar

Siv Friðleifsdóttir, formaður

Stoðefni:

Tilgangur Þróunarsjóðs innflytjendamála

<https://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/throunarsjodur/>

Reglur um úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði innflytjendamála

https://www.velferdarraduneyti.is/media/eydublod/ThrounarsjodurInnflytjendamala_Reglur_19112010.pdf

Velferðarvaktin er óháður álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunaaðila